

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 690/2009

2012/EES/59/02

frá 30. júlí 2009

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við samninginn um alþjóðlegt almenningflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn) í útgáfunni frá 24. nóvember 2005, að því er varðar I. og II. bindi, að undanskildum viðbættum hans.
- 2) Frá því að reglugerð (EB) nr. 216/2008 var samþykkt hefur 16. viðauka við Chicago-samninginn verið breytt, 7. mars 2008, þegar 9. breyting var felld inn í I. bindi og 6. breyting var felld inn í II. bindi en báðar breytingarnar hafa verið í gildi síðan 20. nóvember 2008.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) í samræmi við b-lið

2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Flugöryggisstofnunin hefur lagt til að breyta skuli reglugerð (EB) nr. 216/2008 til að endurspeglar breytingarnar á Chicago-samningnum.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 216/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 komi eftirfarandi:

„1. Framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 9. breytingu I. bindis og í 6. breytingu II. bindis í 16. viðauka við Chicago-samninginn í útgáfunni frá 20. nóvember 2008, að undanskildum viðbótunum við 16. viðauka.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 199, 31.7.2009, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2011 frá 19. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 63.

(¹) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.